



Nýársávarp
forseta Íslands
Vigdísar Finnbogadóttur
1. janúar 1981

Íslendingar.

Gleðilegt ár 1981. Megi það færa okkur þá gæfu og farsæld, sem við leitum öll.

Vel ég því að hér má skýr orð skilja,
skilji þjóðir minn ljósan vilja,
tal óbreytilegt veitt af vilja.
Vil ég að kvæðið heiti Lilja.

Þetta kvað Eysteinn munkur Ásgrímsson á 14. öld. Hann kvað það ljóð, sem allir vildu kveðið hafa, og skildi að vandi er að orða svo hugsun að hún komist til skila. Orð geta verið innantóm, en oft eru þau hlaðin merkingu, og þá eru þau verðmæti, vandmeðfarið að vísu. Þau geta verið sannleikspærlur, en einnig sindrandi hjóm, misnotað í þeim tilgangi að sljóvga dómgreindina.

Orð eru til alls fyrst, stendur einhvers staðar. Það er ekki nema hálfur sannleikur, því séu orðin einhvers virði kemur hugsunin á undan. En í þjóðfélagi nútímans, þar sem glamur, skarkali og orðaflaumur sýnast oft verða hljóðri yfirvegum sterkari, er okkur hollt að hugleiða pistil, sem fyrir allmörgum árum fannst í kirkju í Baltimore í Bandaríkjunum, og ber yfirskriftina Desiderata, sem útleggst Leiðarljós:

„Gakktu með stillingu í skarkala heimsins og mundu þann frið sem í þögninni býr. Láttu þér eftir megni lynda við alla menn án þess þó að lúta þeim. Mæltu þinn sannleika skýrt en af hógværd; ljáðu öðrum eyra, jafnvel heimskum mönnum og fáfróðum, einnig þeir hafa sína sögu að segja. Forðastu háværa menn og ágenga. Þeir eru sálarangur. Farir þú í mannjöfnuð geturðu orðið bitur og hégómlegur, því ávallt verða á vegi þínum þeir, sem bæði eru meiri menn og minni en þú sjálfur. Njóttu bæði afreka þinna og ráðagerða. Varðveittu áhuga á starfi þínu, hversu fábrotið sem þér virðist það vera; það er sönn eign í tímans rás. Hafðu varann á í viðskiptum því að veröldin er full af prettum. Láttu það samt ekki verða til þess að þú kannist ekki við dyggðina er hún verður á vegi þínu; margir eiga sér háleita hugsjón og hvarvetna eru hetjur á ferð. Vertu þér sjálfum trúur. Umfram allt, gerðu þér ekki *upp* elskusemi. Gerðu ekki lítið úr kærleikanum. Hann stenst og er lífseigur eins og gróður jarðar, þrátt fyrir þurrka og hallæri. Taktu reynslu árána með glöðu geði og sjáðu ekki eftir æskunni. Efldu innri styrk svo áföll verði þér ekki um megn, en láttu hugarfóstur ekki draga úr þér þrótt. Oft er óttinn sprottinn af lúá og einmanakennd. Þegar hollri sjálfsögun sleppir, þá skaltu hlífa sjálfum þér. Þú ert barn þessa heims, ekki

síður en himintunglin og allt sem lífsanda dregur, og réttborinn ertu til þessarar arfleiddar. Og hvort sem þú skilur það eða ekki þá stendur alheimurinn þér svo opinn sem skyldi. Því skaltu lifa sáttur við guð, hver sem þér finnst hann vera, og sáttur við sjálfan þig í erli og amstri daganna. Því þrátt fyrir brostnar vonir, strit og undirferli er heimurinn undursamlegur. Hafðu gát. Leitaðu gæfunnar.“

Og auðvitað er það vonin, sem er leiðarljósið. Það leiðarljós, sem getið er í upphafi.

Veistu
að vonin er til
hún vex
inni í dimmu gili,
og eigirðu leið
þar um
þá leitaðu
í urðinni
leitaðu
á syllunum
og sjáðu
hvar þau sitja
lítill og veikbyggð
vetrarblómin
lítill og veikbyggð
eins og vonin.

Meðan ung skáld yrkja slík ljóð með þessari þjóð þarf hún ekki að örvænta um sinn hag, og það eru þessi orð, sem ég vil gera að einkunnarorðum okkar um þessi áramót: Veistu að vonin er til ...

Þegar lítið er um öxl virðist svo sem verstu ár íslenskrar þjóðar hafi verið þegar hún lét vonleysi ná tökum á sér. Við búum í landi, sem einatt hefur verið okkur erfitt. Það er oft ekki á færi okkar að afstýra margskonar vanda, sem að okkur steðjar. En við getum brugðist við vandanum. Okkur er gefið vit. Okkur er gefinn styrkur. Hagsýni er okkur í blóð borin. Allt þetta og miklu fleira býr í okkur, aðeins ef við viljum nýta það, en látum vonleysishjal og úrtölur ekki villa um fyrir okkur.

Glamur og skarkala bar hér áður á góma og misnotkun orða í áróðursskyni. Við skulum ekki láta telja okkur trú um það að íslenskt þjóðfélag sé á vonarvöl. Dægurþras og karp um keisarans skegg breyta ekki þeirri staðreynd, að þrátt fyrir úrlausnarefni daglegs lífs, erum við ekki að syngja okkar síðustu vers. Sannanir þessa blasa hvarvetna við. Landið okkar og það afl, sem í okkur sjálfum býr, veitir okkur svo ríkulegt viðurværi, að áþreifanleg velmegun er hér miklu meiri en víðast gerist, og svo mikil að barlómur hlýtur að vera fyrir neðan okkar virðingu. En velmegun, talin í krónum og aurum, er annað en velmegun andans.

Það sæmir okkur að vera bjartsýn og trúa á okkur sjálf. Það er velmegun andans, og til að öðlast þá velmegun þurfum við þessa von, sem svo fallega hefur verið ort um. Megi það verða kjörorð okkar Íslendinga um þessi áramót, að vonin sem stundum er veikbyggð eins og vetrarblóm, dafni og verði að sóleyjum sumarsins 1981, – vonin um batnandi tíð og góðæri til sjós og lands og í hugum okkar manna. Með samstöðu og sjálfstæðishugsjón, tillitssemi og skilning, hófsemi, sannleiksást og

ræktun lýðræðisins mun okkur vel vegna. Þá munum við kunna fótum okkar forráð,
og þá eigum við verðmæti að gefa, ekki aðeins okkur sjálfum heldur einnig öðrum
þjóðum.

Gleðilegt ár og megi allt gott sem hugsað er í heiminum og nefnt sínum réttu
nöfnum, friður, vísindi og manngæska fylgja okkur á árinu sem fer í hönd og alla
tíma.